

Alþingi
Erindi nr. P 140/1706
komudagur 13. 4. 2012

Til Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Vesturlandsskóga um frv. til breytinga á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum með síðari tíma breytingum, þingskjal 933 – 598. mál. Umsögnin varðar eingöngu þá þætti frumvarpsins, sem snerta skógrækt.

Almennt: Þær breytingartillaganna, sem varða skógrækt, eru íþyngjandi og munu, ef ekki koma til verulega aukin fjárútlát ríkisins til málaflokksins, leiða til þess að ekki munu bætast nema efnaðir landeigendur í hóp þeirra sem stunda nýskógrækt, ef frv. verður óbreytt að lögum.

Athugasemdir við 1. viðauka

Samkvæmt 1. viðauka 1.06, stendur „Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Ruðningur á náttúrulegum skógi, sem breytir fyrri landnotkun,, Þessar framkvæmdir eru skv. frumvarpinu flokkaðar í B flokk.

Breyting:

Lagt er til að umfjöllun laganna um skógrækt verði flutt úr flokki B í flokk C og að textinn verði, sem hér segir: „*Nýræktun skóga á 1000 ha svæði eða stærra eða á friðlýstum svæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg eyðing á skógi, sem breytir fyrri landnotkun,,*

Greinargerð: Vandfundin munu dæmi þess, að skógrækt valdi umhverfisspjöllum. Hins vegar eru mýmörg dæmi þess, að skógrækt bæti umhverfið. Því eru þungvæg rök gegn því að leggja slík höft á skógrækt, höft sem sannarlega felast í því íþyngjandi ferli, er texti frv. gerir ráð fyrir að nýræktun skóga þurfi í gegnum. Skógrækt er alla jafna á tiltölulega litlum svæðum og framkvæmd af bændum, sem hafa ekki efni á að bæta við tilkostnaðinn öllum þeim fjárútlátum, sem frv. gerir ráð fyrir og myndi skipta hundruðum þúsunda króna í hverju tilviki. Ljóst er, að verði frv. óbreytt að lögum, myndu einungis efnaðir landeigendur hafa efni á að leggja nýtt land til skógræktar.

Dæmi um jákvæð umhverfisáhrif skóga:

Skógur er endurnýjanleg auðlind og skapar mikilvægt hráefni í ýmiss konar iðnað. T.d. er talið, að afurðir skóga muni verða mikilvægar til framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi eldsneyti og þá miklu frekar en ræktun repju eða annarra afurða akuryrkju, þar sem við hefðbundna akuryrkju þarf jafnvel meiri orku til að framleiða hverja orkueiningu en út úr ræktuninni kemur. M.ö.o. hefðbundin akuryrkja á Vesturlöndum er í sinni núverandi mynd háð olíu og því væntanlega ekki sjálfbært að nota akuryrkju til að framleiða eldsneyti á vélar.

Skógur, sem upp vex á skóglausu landi, veitir auk þess ýmsa vistkerfisþjónustu, umfram það sem skóglaut land gerir. Nefna mætti þar um nokkur dæmi: Skógur dregur úr flóðatoppum og miðlar vatni í ár og læki lengra fram á þurrkatímabil en skóglaut land. Skógur hreinsar mengunarefni og aurburð úr vatni og eykur fiskengd, bæði í ferskvatni og í sjó. Þekkt er t.d. þýðing skóga fyrir framleiðni í sjónum úti fyrir ströndum Japans. Skógur bindur jarðveg og bætir, þar sem gróðurþekja hefur rýrnað eða horfið. Þannig gæti stóraukin skógrækt á Íslandi reynst gifturík aðferð til þess að bæta við jarðvegsauðlindina á örfoka og/eða jarðvegsrýrum landsvæðum og geyma ræktanlegt land til þeirra tíma, er not verða fyrir það til akuryrkju. Allt tal um, að skógrækt ógni matvælaöryggi byggir á hugsanabrenslun, sem sést best af því, að

megnið af akuryrkjulandi heimsins var skógur, sem var felldur eða honum brennt til að skapa rými til akuryrkju. Þeir sömu og telja skóg ógna matvælaöryggi Íslendinga, telja líka aukinn ásetning kvikfjár bestu leiðina til að auka matvælaöryggi á Íslandi. Þetta er líka alvarleg hugsanaskekkja. Nær væri að draga úr ásetningi þess búpenings, sem í dag ofnýtir rýrlendi og auðnir Íslands og stuðla þannig að aukinni frjósemi jarðvegs og aukinni gróðurþekju, sem hvorttveggja myndi í framtíðinni, ásamt skógrækt, gera landið beitarhæfara, þ.e. auka matvælaöryggi til framtíðar.

Skógur sem upp vex, þar sem áður var skóglaut land, bindur koltvísýring. Færð hafa verið fyrir því gild rök, að með því að afstýra of mikilli skógareyðingu í regnskógum hitabeltisins, með því að meðhöndla skóga almennt rétt (með tilliti til kolefnisbindingar) og með því að rækta nýja skóga á svæðum með kald- og heittempruðu loftslagi (þ.m.t. á Íslandi) megi minnka fórnarkostnað jarðarbúa við að halda hlýnun loftslags innan 2°C markanna á þessari öld um helming, miðað við það að ef eingöngu væri beitt niðurskurði á losun gróðurhúsalofttegunda. Það munar um minna!

Aukin skógarþekja á Íslandi mun gera landið hæfara til útivistar, vegna skjólsins. Aukin útivist hefur aftur jákvæð áhrif á lýðheilsu og er því til þess fallin að spara kostnað í heilbrigðiskerfinu.

Frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar, eru áhrif nýskógræktar á Íslandi eingöngu jákvæð, bæði með tilliti til umhverfissjónarmiða og með tilliti til félagslegra og efnahagslegra sjónarmiða. Það væri því til þess fallið að vinna gegn markmiðum um sjálfbæra þróun að auka frá því sem nú er skrifræðishindranir í vegi skógræktar á Íslandi og að sama skapi rétt að aflétta óþörfum hindrunum, sem þegar hafa verið settar. Engin haldbær rök hafa komið fram fyrir hinu gagnstæða. Alþingi ber vonandi gæfu til að koma í veg fyrir, að skógrækt sæti svipuðum skrifræðishindrunum og t.d. skammtímageymsla á geislavirkum úrgangi eða geymslusvæði fyrir jarðgas, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þeir sem tala um nauðsyn þess, að skógrækt fari í mat á umhverfisáhrifum, vita væntanlega ekki, að Ísland er skóglausasta land í Evrópu, að Möltu undanskilinni. Aðeins 1% yfirborðs Íslands er nú vaxið einhvers konar skógi eða kjarri, mest hinu síðarnefnda. Með sama áframhaldi og verið hefur í skógrækt síðustu 5 árin munu líða nær eitt hundrað ár, þangað til 2% Íslands verður vaxið skógi.

Virðingarfyllst, fh. Vesturlandsskóga, gert á Hvanneyri 11. apríl 2012,


Sigvaldi Asgeirsson.



Vesturlandsskógar

Hvanneyri - 311 Borgarnes

Kt. 520-400-4430

Sími: 433 7051 - Fax: 433 7055

vestskogar@vestskogar.is